

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. nóvember 2008 02-2008110052
T-ums 29/08

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 -
ferðakostnaður - 41. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. nóvember 2008 móttengið bréf yðar dagsett 5. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, 41. mál, þskj. 41.

Í frumvarpinu er lagt til að við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem heimili að útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram kr. 200.000 á ári verði frádráttarbær frá tekjuskattsstofni. Í greinargerð kemur fram að um sanngirnismál sé að ræða og að markmiðið með breytingunni sé að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað. Þá er frumvarpið talið samrýmast þeirri stefnu sem verið hefur í byggðamálum og sé til þess fallið að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að frádráttur vegna ferðakostnaðar milli heimilis og vinnustaðar var felldur niður fyrir um 20 árum síðan þegar staðgreiðsla opinberra gjalda var tekinn upp. Sá frádráttur var bundinn skilyrðum um tiltekna fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar. Rök fyrir niðurfellingu frádráttarins á sínum tíma voru þau að frádrættir væru almennt taldir flækja skattframkvæmd, bæði í staðgreiðslu og við álagningu. Flóknari skattframkvæmd leiðir almennt til þess að skatteftirlit er erfiðara en ella. Ennfremur er ljóst að með upptöku staðgreiðslukerfisins var stefnt að einföldu og gagnsæju skattkerfi með fáum frádráttarheimildum og þannig myndi skapast grundvöllur til að hafa skattstofninn sem breiðastan en skatthlutföllin sem lægst. Eiga sömu sjónarmið við í dag. Þá er ástæða til að taka fram að samhliða niðurfellingu á nokkrum frádráttarliðum var tekinn upp hár persónuafsláttur sem m.a. var ætlað að bæta fyrir niðurfellingu frádráttarliða. Upptaka frádráttarheimildar af þessu tagi yrði brotthvarf frá fyrri stefnumörkun og myndi augljóslega skapa misræmi á milli staðgreiðslu og endanlegrar álagningar.

Samkvæmt frumvarpinu yrði kostnaður við ferð til og frá vinnu umfram 200.000 kr. og allt að 700.000 kr. á ári frádráttarbær. Til grundvallar frádrættinum þyrfti væntanlega að leggja eitthvert opinbert mat á akstri og ferðakostnaði. Samkvæmt núgildandi skattmati fjármálaráðherra nemur kostnaður til frádráttar ökutækjastyrk kr. 92 á hvern ekinn kílómetra. Af þessu er augljóst að regla þessi tæki til meirihluta þeirra sem sækja vinnu á eigin bifreið á höfuðborgarsvæðinu en hefði e.t.v. minni áhrif utan þess.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri afar margt mæla gegn lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir